

Leikskólinn Furugrund



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2024 – 2025**

Efnisyfirlit

1.	Formáli.....	3
2.	Inngangur	3
3.	Leiðarljós leikskólans	3
4.	Skólastarfið	4
	Innra mat leikskólans.....	4
	Ytra mat	5
	Umbótaáætlun	7
5.	Áherslur í starfi leikskólans.....	7
	Þróunar- og nýbreytnistarf	7
6.	Foreldrasamstarf	8
	Foreldraráð.....	8
	Foreldrafélag	8
7.	Starfsmannamál	9
	Samsetning starfsmannahópsins.....	9
8.	Símenntunaráætlun.....	9
	Skipulagsdagar.....	9
9.	Aðrar upplýsingar	10
	Fjöldi barna.....	10
	Húsnæði og lóð.....	11
	Skólaárið 2023-2024 viðhalds óskir.....	11
	Skólaári 2024-2025 viðhalds óskir	13
	Öryggismál.....	13
10.	Fylgigögn	13
	Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun.....	14
	Fylgiskjal 2 -Símenntaráætlun	18
	Fylgiskjal 3 - leikskóladagatal.....	20

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Ágætlega gekk að manna leikskólann haustið 2023. Eftir stækkun leikskólans og viðamiklar breytingar á skólahúsnæðinu hefur starfsmannavelta minnkað og ákveðið jafnvægi náðst. Árið 2023 var því ár breytinga en eftir stækkun er leikskólinn nú í tveimur húsum, Furugrund 1 og Furugrund 3. Sumarið 2024 var svo farið í endurbætur á húsnæði Furugrunda 1, skipt var um gólfefni, hurðir og skólinn málaður. Samhliða endurbótum á húsnæði þá tók gildi ný gjaldskrá fyrir leikskóla Kópavogs, þar sem miklar breytingar urðu á opnunartíma leikskólanna. Breytingarnar fólu í sér að lokað er í kringum jól og páska auk vetraleyfa í október og febrúar. Upplifun starfsmanna Furugrunda af breyttum opnunartíma er afar jákvæð. Jákvæð þróun hefur einnig orðið á vistunartíma en um 20-25% barnanna hafa verið í 6 tíma vistun en það léttir álag við upphaf og lok dags, deildirnar eru ekki í hámarksnýtingu allan daginn og auðveldara er að koma fyrir undirbúningstímum. Stytting vinnuvikunnar og útfærsla á henni er enn krefjandi verkefni en þrátt fyrir lokunardaga standa eftir um 10 heilir dagar og því oft flókið að leysa það. Mikil ánægja er þó um lokanirnar í starfsmannahópnum og eru þær á kærkomnum árstíma þegar starfsfólk og börn þurfa á hvíld að halda.

Áframhaldandi áhersla var á innleiðingu uppeldisstefnunnar Jákvæðs aga og þá sérstaklega innleiðingu Lausnahringsins, auk þess sem töluverður tími fór í að hrista starfsmannahópinn saman og skapa jákvæða og uppbyggilega skólamenningu.

3. Leiðarljós leikskólans

Einkunnarorð Furugrunda eru virðing, hlýja, öryggi og traust. Leikskólinn starfar eftir starfsaðferðum Jákvæðs aga og byggir sú stefna á sjálfsstjórnarkenningum. Þær fela í sér að horft er á orsakir hegðunar frekar en t.d. að reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Jákvæður agi í skólaumhverfinu einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemi og festu og að þannig þroski börnin og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Furugrund er einn af fimm fyrstu skólum í heiminum á leikskólastigi til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en skólinn er Réttindaskóli og byggir starf sitt á lykilhugtökum barnasáttmálans sem eru umhyggja, vernd og þátttaka.

Lausnaringurinn er þróunarverkefnið okkar þetta skólaárið og byggist á uppeldisstefnunni Jákvaðum aga en er einnig er hann samfléttaður Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Áherslan er á samskipti byggð á gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði lausnarhringsins eru lausnirnar sjö sem eru; að stjórna sér, skiptast á, að hjálpa, bjóða öðrum að vera með, geta sagt fyrirgefðu, segja stopp og bjóða knús. Þetta eru því samskiptareglur sem börnin setja sér með hjálp hinna fullorðnu. Teljum við þetta tæki vera afar gagnlegt í að skapa vellíðan í barnahópnum. Hafa börnin tekið lausnaringnum afar vel og nýtt sér hann mjög markvisst í leikskólanum.

Snemmtæk íhlutun felst í því að áhersla er lögð á aðgerðir með markvissum hætti. Það er gert til að stuðla að þroskaframvindu barna, hvort sem er í málörvun eða örvun annarra þroskaþátta. Mikilvægt er að íhlutunin hefjist sem fyrst til að markvisst inngrip skili árangri.

Erasmus+ hefur verið öflugt leiðarstef í starfi skólans en við höfum í mörg ár tekið þátt í Evrópusamstarfi og hefur það samstarf skilað mikilvægri skólaþróun. Í ár er leikskólinn þátttakandi í tveimur Evrópu verkefnum. Einu sem snýr að mikilvægi vatns í öllu lífi og ber heitið, „*Life in a drop of water*“ og öðru samstarfsverkefni kennt við Taith sem er við skóla frá Wales sem snýr að vinnubrögðum, aðalnámsskrá, skráningum og stjórnsýslu.

4. Skólastarfið

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámsskrá, skólanámsskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámsskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Furugrundar eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati. Stefnt er að því að stofna formlegt matsteymi leikskólans sem mun sjá um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Innra mat 2023-2024

Mjög mikið var um símat á þessu skólaári þar sem farið var yfir viðburði að þeim loknum og metið hvernig þeir gengu og gerðar tillögur að endurbótum. Verið er að vinna að tyllidagahandbók þar sem allir uppbrotsdagar eru tilteknir og sett upp handrit að þeim ásamt tillögum að úrbótum ár hvert. Með því móti er hægt að meta viðburði og uppbrotsdaga um leið og þeim líkur hverju sinni.

Miklar endurbætur fóru fram á húsnaði skólans og fór mikil vinna í að meta hvað þyrfti að bæta úr og kaupa inn. Var það gert reglulega á fundum stjórnenda auk þess sem þessi mál

voru rædd á skipulagsdögum. Eftir þessar gagngerðu úrbætur höfum við nú meiri tíma til þess að sinna innra mati á starfi leikskólans enn betur næsta skólaárið.

Kópavogsbær og óháðir rannsakendur settu fram kannanir og rannsóknir á breyttu starfsfumhverfi leikskólanna. Mest í formi rafrænna kannanna en einnig í formi rýnihópa sem hluti starfsfólks voru þátttakendur í.

Á vorönn innleiddum við þróunarverkefnið Lausnahringinn sem er eitt af verkfærum Jákvæðs aga og fengum til þess styrk frá leikskólanefnd Kópavogsbæjar. Sú innleiðing gekk mjög vel og er mikil ánægja með Lausnahringinn í starfsmannahópnum sem og foreldrahópnum. Gerð var könnun á vegum verkefnastjóra þegar innleiðingu lauk þar sem skoðað var hvernig til tókst í ferlinu.

Niðurstöður könnunarinnar voru helst þær að fólki líður vel með að vinna með Lausnahringinn eða 94% þátttakenda. Þegar spurt var út í áframhaldandi vinnu með Lausnahringinn voru aðeins 12% sem töldu sig vanta meiri færni en hún kemur með æfingunni. Þegar fólk var spurt út í hvernig áframhaldandi vinna leggist í það voru allir mjög jákvæðir og hlakka til tileinka sér þetta enn betur. 12% svöruðu á þá leið að þeir vissu að æfingin skapar meistarann og stefndu á að halda áfram að æfa sig. Það sem fólk fannst svo helst vanta til að geta verið örugg í kennslunni á Lausnahringnum var að vita um fleiri bækur og lög sem hægt væri að nota í samverustundum og hvað ætti að segja þegar foreldra spyrja um ráð hvernig á að nota Lausnahringinn. Adda fékk mjög góða umsögn um sína framkomu, skipulag, samskipti og aðkomu sem verkefnastjóri.

Breytingar urðu á meðlimum Lausnateymis skólans. Álaginu var létt af deildastjórum sem voru í teyminu og nú eru starfandi í teyminu, Sif Jónsdóttir sérkennari, Sólveig Sigurvinsdóttir sérkennslustjóri og Eva Sif Jóhannsdóttir leikskólastjóri. Lausnateymið hefur hist eftir þörfum en með tilkomu lausnateymis er meiri áhersla á að nýta mannauð leikskólans áður en leitað er utanaðkomandi ráðgjafar.

Ytra mat

Rafræn starfsmannakönnun var lögð fyrir á vorönn á vegum Prósent. Helstu niðurstöður voru þær að við mældumst yfir meðaltali yfir vinnustaði hjá Kópavogsbæ, í öllum liðum nema einum, þar sem við vorum 0,2 stigum undir meðaltali og telst ekki marktækur munur. Sá liður var jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Við sjáum tækifæri í því að halda áfram að styrkja starfsfólk í því að sækja sér þekkingu á því sviði en við fengum á síðasta ári töluverða fræðslu frá þekkingarmiðlun. Auk þess sem deildarstjórar fóru á námskeið á haustönn þar sem komið er inn á streitu og viðbrögð við henni.

Eru stjórnendur afar stoltir og ánægðir með niðurstöður könnunarinnar. Hollusta- og tryggð mælist mjög há í Furugrund og teljast 45% starfsmanna eldheitir starfsmenn en það eru verðmætustu starfsmennirnir, bæði trúfastir og hollir. Önnur 45% teljast svo til kjarnastarfsmanna en það eru einnig mjög verðmætir starfsmenn. Vinnuálag mælist hátt hjá okkur sem og á öðrum starfsstöðvum Kópavogsbæjar en þegar spurt var um hversu ánægður eða óánægður viðkomandi er með vinnuálagið sýna niðurstöður að tæplega 70% þeirra sem svöruðu könnunni meta vinnuálagið ánægjulegt. Það er að segja vinnudagurinn er

ánægjulegur en annasamur. Hæfni leikskólastjóra er einnig metin og er niðurstaðan þar einnig yfir meðallagi fyrir Kópavogsbæ.

Hitakort >

Comparison: Kópavogsbær 2024 ▾

Breakout: Deild/starfstöð ▾

Responses	Kópavogsbær 2024	Leikskólinn Furugr...
> Starfsánægja	7.3	7.7
> Hollusta	8.8	9.0
> Tryggð	8.1	8.8
> Ímynd	7.8	8.4
> Stjórnun	6.6	7.2
> Samstarf	8.2	8.8
> Starfið	8.3	8.5
> Starfsskilyrði	6.4	6.7
> Laun og kjör	7.3	7.4
> Vinnutímastytting	7.1	8.4
> Starfsþróun	6.9	8.1
> Jafnrétti og mismunun	6.7	7.4
> Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	7.9	7.7

Starfsmannaviðtöl voru tekin á vorönn 2024. Helstu niðurstöður voru að starfsfólk er almennt ánægt í starfi og stolt af því að tilheyra starfsmannahópi Furugrundar. Í áður nefndri rafrænni könnun kom fram mikil ánægja með samtölin og þau talin gagnleg.

Margar áhugaverðar tillögur komu fram þegar kom að því að meta hvaða fræðslu starfsfólk þurfi til að sinna starfinu sínu. Við stefnum á að skoða þennan þátt enn nánar og bjóða upp á þá fræðslu sem flestir telja sig þurfa á að halda í framhaldinu. Búið er að senda út rafræna könnun og verður unnið nánar úr henni fyrir næstu skipulagsdaga og viðeigandi fræðsla ákveðin í framhaldinu. Að lokum var opin spurning og drógum við saman í mynd helstu niðurstöðurnar:



Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans sem og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Furugrund er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Starfið er metið jöfnum höndum yfir skólaárið á stjórnenda-, deildar, lausnateymis- sem og starfsmannafundum.

Í lok skólaársins 2024-2025 er áætlað að hver deild geri innra mat sem snýr að starfsháttum deildarinnar. Hvernig skólaárið gekk, hvar liggja styrkleikar deildarinnar og hvar má gera betur.

Einnig er á áætlun á vorönn 2025 að meta námssviðin sjálfbærni og vísindi út frá stöðluðum matsblöðum frá Kópavogsbæ.

Þar að auki verður hafin vinna við gerð nýrrar skólanámsskrár en síðustu 2 ár hafa farið í það að móta og máta sig við nýja stefnu skólans og því tímabært að endurskoða skólanámsskrána. Auk þess sem breytingar hafa orðið á aðalnámsskrá þar sem hvatt er til þess að setja leikinn enn frekar í forgrunn sem aðalnámsleið ungra barna.

Haldið er að vissu marki utan um uppeldisfræðilegar skráningar með ferilmöppum barna og er markmiðið að endurskoða hvers kyns skráningar fara í þær 2025/haust 2025.

Starfsmannasamtöl eru áætluð vorið 2025. Í ár sjá deildarstjórar um samtöl við starfsfólk deildanna. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri munu sjá um samtöl við starfsfólk eldhúss, sérkennslustjóra og annað starfsfólk sem er utan deilda.

Viðhorfskönnun foreldra er áætluð vorið 2025.

Viðhorfskönnun elstu barnanna er áætluð vorið 2025.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Áhersla er á áframhaldandi vinnu með Lausnahringinn þar sem lausn mánaðarins verður áberandi í starfi deildanna.

Ný ákvæði í aðalnámsskrá leikskóla verða einnig innleidd í skólastarf Furugrundar og það verður gert með umræðuhópum á starfsmannafundum út frá fyrirlestrum Guðrúnar Öldu Harðardóttur. Sjálfssprottinn leikur, inngildin og fullgildin eru þar meðal umræðuefna auk hlutverks kennara.

Verkefnið Okkar leikskóli er ein af aðgerðum Kópavogsbæjar til að efla lýðræðislega virkni barna í leikskólum bæjarins. Verkefnið gengur út á að gefa börnunum í leikskólum Kópavogs ákvörðunarrétt yfir því hvernig þau vilja nýta ákveðna fjárupphæð árlega til að bæta aðstöðu

þeirra í leikskólanum sínum. En það passar vel við vinnu okkar með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna en Furugrund er einmitt réttindaskóli.

Við tókum þátt í rannsókninni Orðaheimur en rannsóknin fól í sér að nýta málörvunarefnið Orðaheim. Megintilgangur var að kanna hvort kennsluefnið Orðaheimurinn sé árangursrík aðferð til að kenna 4 ára börnum með fleiri en eitt tungumál, íslensk orð og hugtök. Öll þátttöku börnin voru prófuð á málþroskaprófinu Málfærni eldri leikskólabarna (MELB) og framburðarprófinu Málhljóðapróf Þóru Másdóttur, við upphafi rannsóknarinnar og í lok hennar. Ávinningurinn fyrir leikskólann var sá að við lok rannsóknarinnar munum við fá fræðslu og nánari kennslu í þeirri málörvunarefninu sem reyndist árangursríkust og þannig nýta það í okkar starfi.

Einnig tókum við þátt í rannsókn um LANIS skimunarlistann sem er skimun fyrir tal- og málþroska þriggja ára barna. Tilgangur LANIS skimunarlistans var að finna börn sem þurftu á stuðningi að halda vegna frávika í tali eða máli. Niðurstöður bárust okkur aðeins nú í lok nóvember og verður rætt við foreldra þeirra barna sem þarf að skoða inn grip fyrir. Við munum vinna áfram með niðurstöður skimunarinnar með því að koma með tillögur að úrræðum sem nýtast foreldrum þar sem þess verður þörf.

Síðastliðin fimmtán ár höfum við verið þátttakendur í Pneumókokka rannsókn. Niðurstöðurnar hafa verið mjög gagnlegar og sem dæmi um gagnsemi rannsóknarinnar, ekki síst fyrir börn á Íslandi, var að hægt var að meta árangur Pneumókokka bóluefnisins. Þær tegundir Pneumókokka sem voru í bóluefninu nánast hurfu, bæði úr nefkoki leikskólabarnanna sem og í alvarlegum sýkingum.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Hver deild sendir út vikulega tölvupósta til foreldra þar sem þeir eru upplýstir um hvað fór fram í vikunni og hvað er framundan í næstu viku. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri senda svo einnig út reglulega tölvupósta með hinum ýmsu upplýsingum varðandi starfið í leikskólanum. Einnig er áætlað að leikskólastjóri sendi eitt til tvö fréttabréf á önn þar sem farið er yfir það helsta sem er á döfinni og miðlað er fræðslu og gagnlegum upplýsingum til allra foreldra.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans. Fulltrúar foreldraráðs eru fjórir þetta skólaárið og er mjög ánægjulegt að finna stuðning þeirra.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélag Furugrunda er mjög öflugt og skipuleggur fjölda viðburða ár hvert í samstarfi við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í leikskólanum Furugrund er gert ráð fyrir um það bil 15 stöðugildum á deildum, einu stöðugildi leikskólastjóra, sextíu prósent stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, hálfu stöðugildi sérkennslustjóra og tveimur stöðugildum í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara eða leiðbeinanda?, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

Síðasta starfsár voru heildarstöðugildi 30,8, en þar af 5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Á skólaárinu 2024-2025 verða stöðugildin 31,2 en þar af 6 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2024-2025 munu starfa í Furugrund auk stjórnenda, sex leikskólakennarar með deildarstjórn, ellefu leikskólakennarar, tveir kennaranemar í meistaranámi við HÍ, fimm kennaranemar í B.ed. námi við H.Í., iðjuþjálfar sem starfar sem íþróttakennari, kennaramenntaður sérkennslustjóri og níu leiðbeinendur með margvíslega reynslu. Einnig er einn þroskaþjálfari, einn kennaranemi og einn leikskólakennari í fæðingarorlofi. Í Furugrund starfar einstakur mannauður, metnaðarfullur og drifinn og eru stjórnendur afar stoltir af starfsmannahópnum sem hér starfar.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Stefnt er á að allir deildastjórar hafi lokið námskeiði í Jákvæðum aga fyrir sumarið 2025 og að lágmarki þrír kennaramenntaðir starfsmenn ljúki námskeiði í Jákvæðum aga í hvert sinn sem námskeið er haldið. Þannig ættum við að ná að lágmarki að sex manns geti á einu ári lokið þessu 2 daga námskeiði. Nú þegar hafa stjórnendur, sérkennslustjóri og fjórir deildarstjórar lokið námskeiðinu. Auk þess hafa verið fyrirlesarar í leikskólanum á skipulagsdögum til að sinna fræðslu um Jákvæðan aga sem og sérstök verkefni Jákvæðs aga, líkt og Lausnarhringinn.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfsmannahópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagurinn 20. september 2024
 - a. Nýr heilsumatseðill kynntur
 - b. Starfsmannafundur
 - c. Velferð á vinnustað - umhyggjusamtöl
 - d. Starf vetrarins skipulagt á systradeildarfundum
 - e. Jákvæður agi – næstu skref ákveðin
2. Miðvikudagurinn 13.nóvember 2024
 - a. Fræðsla fyrir foreldra – unnið að einblöðungum.
 - b. Verkefni fyrir starfsfólk varðandi Barnasáttmálann.
 - c. Samstöðuganga með skólum í verkfalli eða fyrirlestur um breytingarskeiðið.
 - d. Deildarfundir.
 - e. Niðurstöður starfsmannakönnunar kynntar.
 - f. Starfsmannafundur.
3. Fimmtudagurinn 16.janúar 2025
 - a. Klára vinnu við fræðslu til foreldra.
 - b. Undirbúningur undir gerð skólanámsskrá – fyrirlestrar Guðrúnar Öldu.
 - c. Deildarfundir.
4. Miðvikudagurinn 12.mars 2025
 - a. Starfsmannafundur
 - b. Unnið að nýrri skólanámsskrá leikskólans
5. Föstudagurinn 16.maí 2025
 - a. Starfsmannafundur
 - b. Vinna kláruð við nýja skólanámsskrá leikskólans
 - c. Hópefli

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólk skólans til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau sem hver og einn telur henta sér í samráði við yfirmenn.

Vetrarfrí í leikskólanum verða:

24. og 25. október 2024

24. og 25. febrúar 2025

Jólafrí í leikskólanum verða:

23., 27. og 30. desember 2024

Páskafri í leikskólanum verða:

14., 15. og 16. apríl 2025

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Gert er ráð fyrir að börnin verði 97 skólaárið 2024-2025 og er búið að fylla í öll þau pláss nú þegar. Teljum við þennan fjölda barna of mikinn og höfum komið því áleiðis til Menntasviðs Kópavogsbæjar en ekki var talin ástæða til að fækka í barnahópnum að þeirra mati. Að okkar mati er hámark barna á deildunum Mána- og Dropasteini 22 börn auk þess sem skynsamlegt

væri að hafa 14 pláss á deildinni Töfrasteini. Af 97 nemendum eru 17 fjöltyngd eða 18% af heildarfjölda nemenda.

Fjöldi barna í árgangi er eftirfarandi:

Fæðingarár	Fjöldi barna
2019	22
2020	24
2021	27
2022	20
2023	4
Samtals	97

Vistunartími barna hefur tekið miklum breytingum á síðastliðnu ári í kjölfar breyttrar gjaldskrár og nú er um helmingur barna í 7,5 klst. dvöl á dag í leikskólanum eða minna.

Vistunartími	Fjöldi barna	Hlutfall
5,25 -6 klst	23	24%
6,1-7 klst	13	13%
7,1-7,5 klst	13	14%
7,6 – 8 klst	34	35%
8,1 – 8,5 klst	13	13%
8,5 – 8,75	1	1%

Sérkennsla er afar mikil þetta árið og var 38 tímum úthlutað þetta skólaárið sem jafngildir 4,8 stöðugildum.

Við leggjum markvisst fyrir EFI-2 og Hljóm skimanir ár hvert í samstarfi við sérkennslustjóra og deildarstjóra.

Húsnæði og lóð

Skólaárið 2023-2024 viðhalds óskir

Óskað var eftir að eftirfarandi framkvæmdir yrði farið í á skólaárinu 2023-2024.

Yfirstrikuð atriði er það sem er lokið.

1. Skipta um dúk á öllum skólanum í F1
2. Skipta um hurðar í öllum skólanum í F1
3. Skipta út upprunalegum innréttingum á Dropasteini
4. Setja upp vask inn á Mánasteini í hvítu stofu
5. Setja rennihurðar til að geta skipt 3 herbergjum upp á Mánasteini
6. Mála allan skólann í F1
7. Skipta út mikið af borðbúnaði í F1

8. Fataskápur úr IKEA, nýja skógrind – í fataherbergi Dverga/Álfa

9. Laga snjóbræðslu eða auka kraft á henni

10. Setja rafmagn á opnanlega fagið á skrifstofugluggum skólastjóra og sérkennslustjóra

11. Skipta um útidyrhurðir og hurðarramma á F1 í báðum inngöngum barna

12. Laga aðgengi fyrir vörumóttöku í eldhúsi, var aldrei full klárað og er alltof þröngt

13. Bíslag hjá eldhúsi og útgöngum barna – helst meðfram húsi

14. Skipta út blöndunartækjum í listaskála á Álfa-og Dvergasteini, eru of há til að börnin ná að þvo sér

15. Skjávarpi í Furugrund 3

Skýringar:

1. Löngu komin tími á, var á verkáætlun fyrir þetta ár, æskilegt að verði gert í sumarlokun
2. Löngu komin tími á, var á verkáætlun fyrir þetta ár, æskilegt að verði gert í sumarlokun
3. Löngu komin tími á, var á verkáætlun fyrir þetta ár, æskilegt að verði gert í sumarlokun
4. Fer mikill tími í að sækja vatn og fjarvera frá börnum á meðan. Væri hægt að skoða utan á liggjandi pípulagnir?
5. Mikið hávaðastig, mjög krefjandi fyrir kennara og börn að vera í þessum þremur opnu stofum. Voru tjöld en tókum niður vegna myglu, mjög gott ef hægt væri að gera á sama tíma og dúkur verður tekinn. Þarna inni er filtteppi og hefur verið síðastliðin tæp 2 ár og er orðið verulega sjúskað.
6. Löngu komin tími á, var á verkáætlun fyrir þetta ár, æskilegt að verði gert í sumarlokun. Fyrir utan fjögur rými – undirbúningsrými, þvottahús og skrifstofur sem eru nýmáluð rými.
7. Er allt postulín núna en þyrfti að vera melamín til dæmis, vantar alveg að skipta út matardiskum, hliðardiskum, súpuskálum og öðrum skálum.
8. Herbergi sem komið er á tíma, þarf að setja upp fataskáp til að létta á rýminu og færa til munaskáp og setja upp nýja skógrind.
9. Dugir bara örfá snjódag á ári er ekki ásættanlegt, erum að fara með vagn á milli daglega og erum ítrekað að fá þjónustumiðstöðina okkur til aðstoðar við að moka. Sjá lið 11 varðandi bíslag
10. Starfsfólk nær ekki upp í opnanleg fög og því erfitt að opna glugga nema fara upp á stól
11. Hurðirnar úr sér gengnar og sjúkaðar, að við teljum upprunalegar. Þarf núna í frosti og kulda nánast tvo til að loka hurðinni á Dropasteini.
12. Mjög erfitt aðgengi og var aldrei fullklárað, vantar spýtur á grindverk t.d.
13. Bíslag eða einhvers konar lausn meðfram húsinu sérstaklega þar sem inngangar eru, bæði sunnan og norðan megin. Erfitt að opna hurðir út þar sem snjór fellur fyrir hurð á Dropasteini. Stéttin fyrir framan eldhús – þar sem vagnar fara á milli húsa er einnig alltaf full af snjó þar sem snjór rennur af þaki og niður á stétt og skapar vítahring hvað varðar ferðir vagnsins á milli húsa.
14. Er gamall skúringarvaskur frá því að þetta var ræstikompa.
15. Vantar til þess að geta haldið til dæmis starfsmannafundi í sameiginlegu rými deilda.

Af þessu má sjá að miklar og stórar framkvæmdir fóru fram skólaárið 2023-2024 og eru starfsfólk, börn og foreldrar almennt mjög sátt. Enn er þó eitthvað eftir sem færist yfir á listann fyrir skólaárið 2024-2025. Einnig fannst raki í botnplötu leikskólans á Mánasteini og var strax brugðist við því með því að dreina frá húsinu á stórum kafla þar sem húsið var ekki dreinað. Nú er filtteppi tímabundið á þremur stofu á Mánasteini en verður því skipt út fyrir dúk þegar botnplatan er að fullu þornuð.

Skólaári 2024-2025 viðhalds óskir

1. Setja upp vask inn á Mánasteini í hvítu stofu
2. Skipta út blöndunartækjum í listaskála á Álfa-og Dvergasteini, eru of há til að börnin náí að þvo sér.
3. Skipta út gömlum Ikea hillum fyrir hillur úr Á.Guðmundsson á Mánasteini.
4. Skipta út mikið af borðbúnaði úr postulíni yfir í melamín.
5. Setja rafmagn á opnanlega fagið á skrifstofuglugga sérkennslustjóra
6. Skipta út matarborðum fyrir börnin á elstu deildum fyrir ný borð. Erum með gömul þunglamaleg og lág borð á báðum elstu deildunum.
7. Kaupa skjávarpa í Furugrund 3.
8. Skipta um útidyrhurðir og hurðarramma í F1, báðum inngöngum barnanna
9. Bísílag hjá eldhúsi og útgöngum barna – helst meðfram húsi
10. Gera við þak sem er orðið mjög slappt.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón. Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 -Umbótaáætlun

Viðfangsefni/markmið	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Samsöngur	Allur skólinn hittist úti við einu sinni í mánuði þar sem við syngjum saman fyrirfram æfð lög.	Einu sinni í mánuði	Valdís og Karólína	Samsöngur fellur ekki niður.	Náð 2/4 lokið
Börn verði þátttakendur í að búa til samskiptareglur á hverri deild	Gert á barnafundi að hausti á hverri deild.	Október/nóvember ár hvert	Deildarstjórar	Reglur hengdar upp sýnilegar börnum, starfsfólki og foreldrum á hverri deild.	X af 6 deildum
Börn hafi raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins	Barnafundir þar sem þetta er tekið fyrir. Val á hádegismat – 2 x á ári hver deild	Gegnumgangandi allt árið – lágmark einu sinni í mánuði. Okkar leikskóli – Töfra-og Óska þetta árið.	Deildarstjórar	Breytingar sem rekja má til innleggs barna	Finna fleiri leiðir.
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Komi inn í matsteymi, halda áfram að þróa form fyrir mat eldri barna	Vor 2025	Matsteymi	Börn sitji matsfundi, matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið.
Meðvitund foreldra um markmið leikskólastarfsins og mikilvægi samvinnu varðandi þroska barnanna	Auka við fræðslu. Útbúa einblöðunga sem fara heim í hverju foreldraviðtali. Festa í sessi fræðslu og Dag mannréttinda barna. Samræðulestur og fleiri fasta viðburði.	Tekið í gagnið vor 2025 eða haust 2025	Fagmenn	Viðhorfskönnun að hausti	Fræðsla í undirbúningi

Efla málþroska og læsi	Vinna með Lubba, hljóðkerfisvitund og málþroska verði sýnilegri og skipulagðari. Setja inn markmið fyrir hvert aldursár. Ritmál sýnilegra í námsumhverfi. Fræðsla um málörvun til starfsfólks.	2025 vor/haust Vor 2026	Læsissteymi	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Festa tíma fyrir teymið til að hittast einu sinni í mánuði. Gera drög að námsskrám fyrir hvern aldurshóp.
Kynningarfundur fyrir foreldra	Prufað var haustið 2024 að aðstoðarskólastjóri og skólastjóri hittu foreldra í litlum hópum á meðan á aðlögun barna þeirra stóð og héldu stutta kynningu á leikskólanum. Með þessu móti tryggjum við að foreldrar mæti á kynningarfundinn og séu upplýstir um starfssemi skólans. En brotalöm hefur verið á mætingu á kynningarfundina sem hingað til hafa verið haldnir að kvöldi til ásamt aðalfundi foreldrafélagsins.	Haust 2024	Leikskólastjóri/ aðstoðarskólastjóri	Allir nýir foreldrar mæti á fundinn	Gott væri að gera viðhorfskönnun foreldra til aðlögunar í október ár hvert þegar aðlögun er foreldrum enn í fersku minni. Hægt að spyrja þá líka út í kynninguna.
Aðalfundur foreldrafélagsins	Á aðalfundi foreldrafélagsins var boðið til fyrirlestrar um Lausnahringinn. Mæting var töluvert mikið betri en hún hefur verið undanfarin ár. Því teljum við mjög líklegt að við höldum þessu áfram og boðum til aðalfundar með foreldrafræðslu á sama tíma. Passa þarf betur upp á tímastjórnun á þessu kvöldi og halda tímaáætlun. Gott að miða við 30. mín. kynningu frá	Haust 2024	Leikskólastjóri/ aðstoðarskólastjóri	Mæting fari áfram upp á við	Endurmat: Viðhorfskönnun að meta fræðsluna, tímasetningu fundar og fleira.

	foreldrafélaginu og ca 30-45 mín fræðsluerindi. Höfðum skráningu og tókum fram að æskilegt væri að einn mætti frá hverju barni – gera eins á næsta ári.				
Fagfundir	Fagfundir hafa haldið sér og verið haldnir 2 á hvorri önn í ca 2. klst í senn. Sökum þess að nú er dvalartími barnanna styttri en oft áður höfum við geta byrjað aðeins fyrr eða kl. 16:00 sem er jákvætt. Það fer þó eftir því hvort fundurinn sé nýttur fyrir alla starfsmenn eða eingöngu fagmenntaða en það fer eftir umræðuefni funda hverju sinni. Síðustu fundir hafa farið í að undirbúa fræðslu sem við viljum koma á framfæri til foreldra í foreldraviðtölum. Ný fræðsla í hverju viðtali, fer eftir árgangi og önn.	2024/2025	Leikskólastjóri og Aðstoðarskólastjóri	Fagfundir séu uppbyggilegir og ánægjulegir og skili okkur aukinni þekkingu. Stundum afurðir fer eftir því hvað er verið að ræða. Styrkja fagmennsku kennara.	Örstutt viðhorfskönnun starfsfólks í lok hvers fagfundar. Gera skipulag um hvað verður tekið fyrir hverju sinni fyrir hvert skólaár.
Ný skólanámsskrá	Vinna að nýrri skólanámsskrá fyrir leikskólann. Fá foreldra með í yfirllestur og tækifæri til athugasemda í gegnum tölvupóst. Fara yfir örfyrirlestra frá Guðrúnu Öldu Harðardóttur með öllum starfsmannahópnum. Kynna ný hugtök til sögunnar. Hafa sem	Haut 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Ný skólanámsskrá sé tilbúin.	Nota skipulagsdag 16.maí og fagfundi fram að því til að forvinna.

	hluta af fagfunda umræðu sem og á skipulagsdögum.				
Stjórnendadagur	Síðustu tvö ár hefur stjórnendateymið haft stjórnendadag að vori þar sem farið er yfir skólaárið og grunnur lagður að skólaári næsta árs. Hafa þessir dagar verið mjög nauðsynlegir og mikilvæg vinna farið þar fram. Viljum við gjarnan halda þessu fyrirkomulagi áfram.	Vor 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Sýnileg fundargerð til starfsmanna.	Stutt viðhorfskönnun stjórnenda til stjórnendadagsins.
Fækka teyimum/nefndum og virkja þær sem starfa	Okkur langar mikið að brýna fókusinn okkar enn frekar eftir tvö strembin ár í miklum breytingafasa. Á síðasta skólaári var aðal áherslan lögð á samvinnu, viðhorf og liðsheild. Skólaárið 2024-2025 er nánast öll áhersla lögð á innleiðingu Jákvæðs aga og Lausnahringsins. Okkur langar einnig að setja fókus á mál- og læsisstefnu skólans.	Vor og haust 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Jákvæður agi. Lubbi og læsi. Matsteymi. Æskilegt að þessi teymi séu virkjuð.	Festa fundartíma og virkja nefndarmenn.
Fræðsla fyrir starfsfólk	Virkja starfsfólkið í að hafa áhrif á hvaða fræðsla er í boði	Vor og haust 2025	Leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Nýta skoðanir fólks til að koma til móts við þarfir	Send var út viðhorfskönnun til starfsmanna og spurt út í hvaða fræðslu fólki finnst það vanta.



Fylgiskjal 2 -Símenntaráætlun

Pátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í starfi og að gefa honum tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Vor 2025	30. mín.pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Deildarstjórar
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Eftir áætlun	30-45 mín. per skipti	Unnið á vinnutíma	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar	Unnið á skipulagsdegi	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	2 x á önn	2 klst. í senn	Yfirvinna	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Deildastjórar, leikskólastjóri og aðstoðarstjóri	Stjórnendafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	1 klst. hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri
Stjórnendateymi	Jafningafræðsla, stuðst við glærur frá Guðrúnu Öldu	Undirbúa stjórnendur að leiða vinnu á skipulagsdegi 16.janúar að innleiða ný ákvæði í aðalnámskrá til að vinna nánar með í skólanámsskrá	Fyrir 16.janúar	2 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólustjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Allir starfsmenn	Skipulagsdagar, jafningja fræðsla, ný ákvæði í aðalnámskrá	Inngangur að innleiðing á nýjum ákvæðum í aðalnámskrá leikskóla.	16.janúar	2 klst	Unnið á skipulagsdag	Stjórnendateymið
Leikskólastjóri	Námskeið í Glasgow um inngildandi skólastarf og vinnu með Barnasáttmálann	Styrkja stjórnendur í inngildandi skólastarfi og vinnu með Barnasáttmálann	17. og 18. október	12 klst. tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Stjórnendateymið	Handleiðslufundir	Deildastjóra handleiðsla	1x í mánuði í stað stjórnendafundar	1 tími í senn	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskjólástjóri

Auk þess er reglulega boðið upp á svokölluð Kraganámskeið. Þar sem starfsmenn geta sótt sér þekkingu samhliða starfsmönnum annarra sveitafélaga.

Fylgiskjal 3 - leikskóladagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla: Furugrund

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JUNÍ		JÚLÍ		
1 F	Sumarkón	1 S		1 Þ		1 F		1 S	Férvéldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 S		1 Þ		
2 F	Sumarkón	2 M	Adlögun Höpur 3	2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 S		2 M		2 F		2 M		2 M		
3 L		3 Þ	Adlögun Höpur 3	3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 M		3 M	Bolludagur	3 F		3 L		3 Þ		3 F		
4 S		4 M	Adlögun Höpur 3	4 F		4 M	Foreldrasamtíð & Afta- og Övergastir	4 M	Jólabætur á deildum	4 L		4 Þ		4 Þ	Spengisdagur	4 F		4 S		4 M	Sumarhálsdönsveiting kl.15 - 16.30	4 F		
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 M	Óskuldagur	5 L		5 M		5 F	Óskulft elstu barns	5 L		
6 Þ	Sumarkón	6 F		6 S		6 M		6 F		6 M	Þrettándinn / Ljósdagur	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 S		6 Þ		6 F		6 S		
7 M	Sumarkón	7 L		7 M	Foreldrasamtíð & Dropp-Mánastími	7 F		7 L		7 Þ		7 F		7 F		7 M		7 M	Dans með Daggríðu	7 L		7 M		
8 F	Sumarkón hjúk. Leikskólinn opnar kl.13	8 S		8 Þ		8 F	Foreldradagur gegn vinnu útbúður með Snarlendabókla	8 S		8 M		8 L		8 L		8 Þ	Furugrund 47 ára	8 F		8 S	Hvítasunnudagur	8 Þ	Sumarkón leikskólans lokar kl.13.00	
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 S		9 M		9 F		9 M	Annar í Hvítasunn	9 M		
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ		10 F		10 M		10 M	Foreldrasamtíð & Dropp-Mánastími	10 F		10 L		10 Þ		10 F		
11 S		11 M		11 F		11 M	Lestrarritið Lubba hefst	11 M		11 L		11 Þ		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 F		
12 M	Adlögun milli deilda	12 F		12 L		12 Þ		12 F	Jólagætur dagur, jólaþætti fyrir foreldra 8.00-9.30	12 S		12 M		12 M	Skipulagsdagur	12 L		12 M		12 F		12 L		
13 Þ	Adlögun milli deilda	13 F		13 S		13 M	Skipulagsdagur	13 F		13 M		13 F		13 F	Dagur staðfærðar / opð. á milli deilda	13 S	Þámasunnudagur	13 Þ		13 F		13 S		
14 M	Adlögun milli deilda	14 L		14 M	Foreldrasamtíð & Dropp-og-Mánastími	14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 F		14 M	Pískadri - ískafi	14 M	Dans með Daggríðu	14 L		14 M		
15 F	Adlögun Höpur 1	15 S		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 L		15 L		15 Þ	Pískadri - ískafi	15 F	Foreldrautí kl.8.00 - 9.30	15 S		15 Þ		
16 F	Adlögun Höpur 1	16 M		16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F	Skipulagsdagur	16 S		16 S		16 M	Pískadri - ískafi	16 F	Skipulagsdagur	16 M		16 M		
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F		17 M		17 M	Foreldrasamtíð & Dropp-Mánastími	17 F	Skindagur	17 L		17 Þ	Ljósveiddisdagurinn	17 F		
18 S		18 M		18 F		18 M		18 M		18 L		18 Þ		18 Þ		18 F	Fókusdagurinn langi	18 S		18 M		18 F		
19 M	Adlögun Höpur 1	19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		
20 Þ	Adlögun Höpur 1	20 F	Skipulagsdagur	20 S		20 M	Dagur mannréttinda barns	20 F		20 M		20 F		20 F		20 S	Pískadagur	20 Þ		20 F		20 S		
21 M	Adlögun Höpur 1	21 L		21 M	Foreldrasamtíð & Óska-og-Töfrastími	21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 F		21 M	Annar í Píslum	21 M	Dans með Daggríðu	21 L		21 M		
22 F	Adlögun Höpur 2	22 S		22 Þ		22 F	Lestrarritið Lubba lýkur	22 S		22 M		22 L		22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ		
23 F	Adlögun Höpur 2	23 M		23 M		23 L		23 M	Þorlaksmessa	23 F		23 S		23 S		23 M	Dans með Daggríðu	23 F		23 M		23 M		
24 L		24 Þ		24 F	Vetrarfrí	24 S		24 Þ	Aftangadagur jóla	24 F	Þorlaksdóttir	24 M	Vetrarfrí	24 M	Foreldrasamtíð & Óska-og-Töfrastími	24 F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		24 Þ		24 F		
25 S		25 M		25 F	Vetrarfrí	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Vetrarfrí	25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F		
26 M	Adlögun höpur 2	26 F		26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólu	26 S		26 M		26 M		26 L		26 M		26 F		26 L		
27 Þ	Adlögun Höpur 2	27 F		27 S		27 M		27 F	Jólafrí - ískafi	27 M		27 F		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 S		
28 M	Adlögun Höpur 2	28 L		28 M	Foreldrasamtíð & Óska-og-Töfrastími	28 F		28 L		28 Þ		28 F		28 F		28 M		28 M		28 L		28 M		
29 F	Adlögun Höpur 3	29 S		29 Þ		29 F		29 S		29 M				29 L		29 Þ		29 F	Uppeldingardagur	29 S		29 Þ		
30 F	Adlögun Höpur 3	30 M		30 M		30 L		30 M	Jólafrí - ískafi	30 F				30 S		30 M	Dans með Daggríðu	30 F		30 M		30 M		
31 L				31 F				31 Þ	Gættisdagur	31 F				31 M	Foreldrasamtíð & Afta- og Övergastir			31 L						
Krakkahestar - auglýst síðar		Adlögun		Vöðubúð með þátttöku foreldra		Uppbrotisdagur		Vetrar-, jóla og páskafrí		Almennir frídagar		Skipulagsdagur-ískafi		Sumarkón										
Dans - auglýst síðar																								